

## HEIMSFRÆG BARNAGLERAUGU

Þegar velja skal gleraugu fyrir börnin er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um það sem er nauðsynlegt við valið. Gleraugun mega ekki vera of þung og ættu ekki að móta andlit barnsins um of.

### Einfaldleikinn bestur

„Það sem ég legg áherslu á við foreldra er að barnagleraugu séu ekki eingöngu keypt vegna þess að þau séu merkt sérstöku vörumerki sem er í uppáhaldi hjá barninu,“ segir Kjartan Kristjánsson, sjónfræðingur og eigandi Optical Studio verslana. „Frekar eiga þau að vera þægileg fyrir barnið, létt og brotaþolin sem er stór þáttur. Þá mega gleraugun ekki bera andlitið of urliði í of þykkum og dökkum tönnum heldur er betra að hafa einfaldleikann að leiðarljósi. Öllu máli skiptir að gleraugun trufli ekki barnið í öllu sínu atgervi til dæmis við leik, hlaup og snöggar hreyfingar og þá segir sig sjálf að þyngdin skiptir gríðarlegu máli. Þau verða að vera létt en um leið mjög sterk.“

Kjartan segir að boðið sé upp á þriggja ára ábyrgð án skilyrða á umgjörðum. „Sem þýðir að ný umgjörð er afgreidd ef umgjörðin brotnar eða fer í sundur. Slíkt skiptir miklu máli fyrir foreldra sem þurfa að sjá börnum fyrir gleraugum frá unga aldri og fram eftir aldri.“



Kjartan Kristjánsson segir að barnagleraugu eigi að vera þægileg fyrir börnin. MYND/ANTON

### Lindberg, skrófalausar umgjörðir

Paul-Jörn Lindberg er löngu orðinn heimssfrægur fyrir sína einstöku hönnun á gleraugnumgjörðum, en í meira en 30 ár hefur hann þróað gleraugnumgjörð sem gæti verið í senn léttasta og sterkast gleraugnumgjörð í heimi. Lindberg Kid/

Teen umgjörðin er sex sinnum léttari en hefðbundnar umgjörðir og vegur aðeins 0,01% af þyngd 6 ára barns. Umgjörðin er skrófalaus en gerð úr títánvír sem snúinn er saman og er hún því um leið sveigjanleg og sterk. Fyrir yngstu börnin eru gleraugun sérsmíðuð í



þeirri stærð sem hentar barninu. Lindberg hefur hlotið fjölda alþjóðlegra hönnunarviðurkenninga fyrir hönnun sína en Kjartan segir að með framleiðslu sinni vilji Lindberg koma því til skila með jákvæðum formerkjum til foreldra að ekkert sé nógu gott fyrir börnin þeirra.

Optical Studio hefur í meira en 20 ár verið umboðs- og söluaðili fyrir Lindberg umgjörðir á Íslandi. Gott orðspor á gleraugnumgjörðum er ekki síst vegna þessara frábæru gleraugnumgjörða og starfsfólks Optical Studio sem leggur alúð sína í að veita sem besta þjónustu.



## Nýtt frá LINDBERG

### Einstakar gleraugnumgjörðir fyrir börn

– 3 ára ábyrgð –

## Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



**ERFÐIR**

Eins og aðrir meðfæddir eiginleikar erfist sjón frá foreldrum til barna. Hún er ekki áunninn eiginleiki, þótt hana megi þjálfa að einhverju marki, og hún þroskast að sjálfsgöðu frá því sem hún er við fæðingu. Spurningin um erfðir sjón galla, eins og nær- og fjarsýni, er öllu flóknara mál og mismunandi eftir því hvaða galla eða sjúkdóm er átt við.

Heimild: www.visindavefur.hi.is



**GLERAUGNASAFN**

**Í Amsterdam** í Hollandi er að finna ýmis óvenjuleg söfn og þar á meðal eitt sem er helgað sjóntækjum. Theunissen-fjölskyldan opnaði Gleraugnasafn Amsterdam fyrir rúmlega 35 árum en í því er meðal annars fjöldi ólíkra gerða af gleraugum frá ýmsum tímabilum, þau elstu eru talin vera frá 1620. Safnið er á fjórum hæðum og á þeirri neðstu er eftirmynd af gleraugnaverslun frá 4. áratug síðustu aldar. Hún selur bæði nýjar gleraugnaumgjærðir og eftirlíkingar af gömlum.

**FJÓRÐUNGUR MANNKYNS ÞARF GLERAUGU**

Gleraugu eru mjög mikilvægur þáttur í lífi okkar. Fjórðungur mannkyns þarf á gleraugum að halda. Meðtalinn er yfir milljarður manna í þróunarlöndunum sem hefur ekki efni á þessari nauðsynjavöru. Hægara er sagt en gert að kaupa gleraugu í mörgum löndum Afríku, þar sem verð þeirra samsvarar yfirleitt þriggja mánaða launum. Á sama tíma er fjórum milljónum gleraugna fleygt í Norður-Ameríku.



# Áberandi eða látlaus

Gleraugu hafa yfirleitt ekki verið áberandi í Hollywood að frátöldum nokkrum tiskubylgjum. Sífellt fleiri stjórnur virðast þó vera ófeimnar við að skarta gleraugum á almannafæri og í sumum tilvikum eru þau órjúfanlegur hluti af ímynd þeirra.

Leikkonan Jennifer Garner notar gleraugu og velur sér gjarna einfaldar gerðir.



Söngvarinn Bono hefur um árabil notað gleraugu, gjarnan með áberandi umgjörð og skyggðu gleri.



Ekki draga gleraugu úr kynþokka söngvarans Justin Timberlake.



**AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM**

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfðá til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



**AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!**

Ivar Örn Hansen S: 5125429, gsm 6154349, ivarorn@365.is  
 Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344, sigridurdagny@365.is  
 Sigríður Hallgríms S: 5125432, gsm 6924700, sigridurh@365.is

\*Samkvæmt prentmiðlakanunn Capacent Gallup janúar – mars 2011



Leikarinn Johnny Depp sést æ oftar með gleraugu.

Tina Fey skartar gleraugum jafnt í einkalífinu sem á hvíta tjaldinu.

Robert Downey Jr. er alltaf töff, bæði með og án gleraugna.

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

**SMEKKVÍSIR APAR HERJA Á GESTI Í DÝRAGARÐINUM Í LONDON**

Svokallaðir bólivískir höfuðkúpuapar í dýragarðinum í London hafa sankað að sér myndarlegu safni sólgleraugna, sumum hverjum rándýrum, sem þeir hafa veitt af nefbroddum gesta.

Starfsfólkið ætlar að grípa til sérstakra aðgerða til að venja þá af stelsýkinni. Það á að leyfa þeim að stela gleraugum sem hafa verið smurð með rótsterku og bitru eplasírópi. Öpunum finnst eplabragðið ógeðslegt og er það von starfsmannanna að þeir missi áhugann um leið og þeir fara að tengja óbragðið við sólgleraugun.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem aparnir fara ránshendi um dýragarðinn í London. Fyrr fjórum árum þurftu starfsmenn hans að venja þá af því að stela farsímum. Nokkrir létu sér þá ekki nægja að stela símunum heldur tóku myndir af sjálfum sér í leiðinni. Óvart að sjálfsgöðu.



Höfuðkúpuaparnir með ránsfenginn í öruggu skjóli. MYND/APP

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447. Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Ódýr gleraugu í Eyeslandi

Nú þarft þú ekki lengur að fara út í lönd til að kaupa ódýr gleraugu



## Há dú jú læk Eyesland?

Sjöntækjafræðingur sér um sjónmælingu og ráðleggur m.a. varðandi

Gleraugu  Stækkunargler  Linsur



**Kr. 7.337**

235318  
Plastumgjörð sem hentar vel margskiptu gleri. Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**Kr. 8.790**

434924  
Plastumgjörð sem hentar venjulegu gleri. Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**Kr. 3.690**

228421  
Plastumgjörð sem hentar vel margskiptu gleri. Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**Kr. 3.690**

730712  
Meðalstór umgjörð úr ryðfríu stáli með plastörmum. Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**Kr. 3.690**

236025  
Pilot/Aviator plastumgjörð. Hentar vel margskiptu gleri. Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**frá kr. 0**

Ótrúlegt úrval af barnaumgjörðum  
Börnum og unglingum til 18 ára aldurs stendur til boða að eignast gleraugu frá krónum 0 vegna framlags þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar. Leitið upplýsinga í verslun okkar á 5. hæð í Glæsibæ.



**Kr. 5.900**

949350  
Hvað með að setja smá styrk í sundið. Sundgleraugu með styrk frá +6 til -8.

**sjáðu skýrt og sparaðu!**





### AUGU ÚR KRISTÖLLUM

**Nökkvar eru** tegund lindýra sem til eru um þúsund afbrigði af. Á Íslandi eru þeir gráir. Þeir eru oft undir steinum og geta hringað sig upp til að verjast áreiti. Vísindamenn hjá Duke-háskóla í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum hafa komist að því að þessar pöddur eru með sérlega merkileg kristalsaugu úr aragóníti sem gerir þeim kleift að sjá jafn vel í vatni sem undir beru lofti. Aragónít hefur tvo brennipunkta sem nökkvarnir nýta sér til að sjá og skynja tvær myndir samtímis. Vísindamennirnir vona að í framtíðinni geti þeir hannað sniðug gleraugu eða linsur úr aragónít-kristal.



### SJÓNTÆKI

**Sjónæki er** ljósfræðilegt áhald eða hlutur sem er notaður til að bæta sjón þeirra, sem hafa sjóngalla. Algengir sjóngallar eru nærsýni, fjarsýni og sjónskekkja. Gleraugu, sem borin eru á nefi, eru elsta gerð sjónætkja og komu fyrst fram á 14. öld. Einglyrni er sjóngler, sem borið er fyrir annað augað, en er lítið notað nú á dögum. Lúpa er lítið stækkunargler sem notað er við vinnu með smáa hluti. Á seinni hluta 20. aldar komu fram augnlinsur, sem settar eru utan á hornhimnu augans. Með leysiaðgerð á augum má nú orðið laga margar gerðir sjóngalla, sem gerir sjónæki yfirleitt óþörf eftir aðgerðina.

Heimild: [www.wikipedia.org](http://www.wikipedia.org)



### LESGLERAUGU BUNDIN Á EYRU

**Talið er** að lesgleraugu hafi komið til sögunnar á Ítalíu um árið 1260. Þau voru hönnuð til að hjálpa öldruðum við lestur. Lesgleraugun nutu fljótlega mikilla vinsælla en það var einn hængur á, umgjörðin hafði ekkert til að halda glerjunum á sínum stað svo hún datt alltaf af nefinu. Áður en nútíma lesgleraugu komu fram reyndu Spánverjar að bæta úr þessu vandamáli. Þeir tóku band, festu það við umgjörðina og vöfðu því síðan um eyrun á sér. Þessi lausn fékk misgóð viðbrögð meðal fólks.

### AFLEIT KAUP

**Neytendafrömuðurinn doktor** Gunni gerði eitt sinn afleit kaup. Þau voru í Elvis Presley-sólgleraugum sem hann fann á heimasíðunni Elvis.com. „Þetta voru vanhugsuð netkaup. Gleraugun kostuðu bara þúsund kall, en voru send með rándýrri Federal Express-sendingu, sem kostaði svona 5.000 kall. Ofan á það bættist tollur og virðisaukaskattur, þannig að gleraugun kostuðu svona 10.000 krónur að lokum. Þetta voru bara plastgleraugu eins og fást í Kolaportinu og ég hefði getað keypt þau á 500 krónur.

Konan var lengi að tala um þessi gleraugu og alltaf þegar hún vildi kaupa eitthvað sem ég vildi ekki, þá sagði hún bara „Elvis Presley-sólgleraugun“. Þá gat ég lítið sagt.“



## FUNHEITAR EÐA SVALAR í grillsveisluna

Pykkvabæjar  
forsóðnar grillkartöflur  
kartöflusalat  
hrásalat

**Einfalt og gott!**

